

28. október 2014
Tilvísun: 1410100

Nefndarsvið Alþingis
nefundasvid@althingi.is
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Efni: Umsögn Seðlabanka Íslands vegna frumvarps til laga um ívilnanir til nýfjárfestinga á Íslandi

Með tölvubréfi, dags. 10. október 2014, óskaði atvinnuveganefnd Alþingis eftir umsögn Seðlabanka Íslands um frumvarp til laga um ívilnanir til nýfjárfestinga á Íslandi.

Efni frumvarpsins stendur nokkuð utan meginverksviðs Seðlabankans. Athugasemdir bankans eru því almenns eðlis. Seðlabankinn telur að frumvarpið þjóni þeim markmiðum sem stefnt er að, þ.e. að efla nýfjárfestingu í atvinnurekstri, samkeppnishæfni Íslands og byggðaðróun. Fram til ársins 2010 var Ísland eitt fárra ríkja sem ekki hafði löggjöf um ívilnanir til nýfjárfestinga. Tilvist löggjafar um ívilnanir til nýfjárfestinga er þýðingarmikil þar sem í löggjöfinni felst yfirlýsing stjórnvalda um að nýfjárfestingar séu litnar jákvæðum augum, einnig við núverandi aðstæður fjármagnshafa. Tilvist löggjafarinnar gerir Ísland samkeppnishæfara við að laða að erlenda fjárfestingu, en löggjöf um ívilnanir er til staðar í öllum nágrannalöndunum.

Seðlabankinn vill þó benda á að samkvæmt lögum um eignarrétt og afnotarétt fasteigna nr. 19/1966 takmarkast leigutími fasteigna til aðila utan EES við þrjú ár. Undanþágur hafa verið veittar sem fela í sér leigutíma allt að tíu árum eða til jafnlengdar gildistíma fjárfestingasamnings. Tíu ár kunna að vera full stuttur tími frá sjónarhóli fjárfestis. Til álita kæmi að lengja undanþágu leigutímans umfram tíu ár í því skyni að draga úr þessum tiltekna áhættuþætti við fjárfestinguna.

Ekki er talið tilefni til að gera athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Virðingarfyllst,
SEÐLABANKI ÍSLANDS

Arnór Sighvatsson,
aðstoðarseðlabankastjóri

Sigríður Logadóttir,
aðallögfræðingur